



PORRASEL

## Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

*Dagdeild fyrir eldra fólk*



# ÞORRASSEL

## – dagdeild fyrir eldra fólk

Þorrasel er dagdeild fyrir eldra fólk. Tilgangur starfseminnar er að koma í veg fyrir og rjúfa félagslega einangrun. Markmiðið er að fólk njóti lífsins og geti búið lengur heima. Þorrasel er á vegum Reykjavíkurborgar.

Gildin Þorrasels eru: Virðing, viðmót, virkni og velferð og er unnið út frá þeim í öllu starfi. Í Þorraseli er boðið upp á alls konar tómstundaiðju, léttar leikfimiæfingar, gönguferðir og

hvíldaraðstoðu. Þau sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs geta fengið þá þjónustu. Þá er í boði morgunverður, hádegismatur og kaffi.

Í Þorraseli eru reglulega ýmsar uppákomur. Það er sungið, spilað á flygilinn, haldnar veislur, farið í ferðir og fjölbreytt fræðsla í boði. Oft koma góðir gestir á borð við kóra, tónlistarfólk og rithöfunda, til að skemmta gestum Þorrasels. Jafnframt kemur sjúkraþjálfari reglulega í Þorrasel og sinnir þeim sem hafa beiðni frá lækni.



## HVERNIG ER SÓTT UM OG HVAÐ KOSTAR AÐ VERA Í ÞORRASALI?

Senda þarf útfyllta umsókn sem má nálgast á vef Reykjavíkurborgar:

[www.reykjavik.is/thorrasel](http://www.reykjavik.is/thorrasel)

Með umsókninn fylgi bréf frá lækni, hjúkrunarfræðingi og / eða félagsráðgjafa. Forstöðumaður / móttökustjóri í Þorraseli tekur við umsóknum og boðar um-sækjendur í viðtal í kjölfarið. Umsækjandi þarf að vera með lögheimili í Reykjavík. Þjónustugjald er 1579 krónur á dag.



## OPNUNARTÍMI OG DVALARTÍMI

Það er opið í Þorraseli frá klukkan 8–16 alla virka daga. Dvalartími getur verið frá tveimur og upp í fimm virka daga í viku. Gestir Þorrasels eru sóttir að morgni og þeim ekið heim síðdegis. Bílstjórar aðstoða fólk frá og að heimili ef þess þarf.

## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

Guðný Valgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður  
Þorrasels: [gudny.valgeirsdottir@reykjavik.is](mailto:gudny.valgeirsdottir@reykjavik.is)



---

VESTURGATA 7, 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 535 2740 / 411 9480 /  [facebook.com/torrasel](https://facebook.com/torrasel)